

Samþykkt

um framræslu og áveitu á Vikur-, Staðar- og Langholtsmýrar í Skagafirði.

1. gr.

Jarðeigendur og ábúendur á áveitusvæðinu mynda með sjer framræslu og áveitufjelag samkvæmt 8. gr. laga um vatnsveitu nr. 65, 1913.

Nafn fjelagsins er: Áveitufjelagið »Freyr«.

2. gr.

Fjelagsmenn eru ábúendur og eigendur eftirgreindra jarða eða jarðarparta, sem framræslu og áveitunni er ætlað að ná til.

I. Í Staðarhreppi:

Vík með hjáleigunni Pyttagerði, Ögmundarstaðir, Hafsteinsstaðir, Reynistaður með hjáleigum, Holtsmúli, Stóra-Gröf, Litla-Gröf, Pávastaðir, Kjartansstaðir og Kjartansstaðakot.

II. Í Seluhreppi:

Marbæli, Glaumbær með hjáleigum og Halldórsstaðir.

3. gr.

Hlutverk fjelagsins er: framræsla og áveita á Vikur-, Staðar- og Langholtsmýrar. Það skal láta gera aðalskurði og aukaskurði eftir þörfum, sömuleiðis stíflur eða flóðlokur í aðalskurðina þar sem þeirra þarf með til áveitu eða fyrirstöðu. Flóðgarða og stíflur í aukaskurði skulu eigendur eða ábúendur gera svo fljótt sem kostur er á undir umsjón yfirumsjónarmanns áveitunnar.

4. gr.

Lögmætir fjelagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum fjelagsins, innan þeirra takmarka, sem sett eru með landslögum og með samþykkt þessari. Fundarfært er þó því að eins, ef helmingur fjelaga á fjelagssvæðinu er á fundi.

5. gr.

Til fjelagsfunda skal stjórn fjelagsins boða að minsta kosti með viku fyrirvara og á sama hátt og auglýstir eru lögmætir sveitafundir. Dagskrá fyrir fundinn skal getið í fundarboðinu.

6. gr.

Fjelagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sjer fundarskrifara. Fundarstjóri sker úr öllu, er snertir lögmæti fundarins, form umræðanna, meðferð málanna á fundinum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega ef einhver fundar-

manna æskir þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á fjelagsfundi, þó verða eigi breytingar gerðar **75** á samþykkt þessari nema $\frac{2}{3}$ fundarmanna á lögmætum fjelagsfundi greiði atkvæði með þeim 9. ágúst og breytingarnar öðlist staðfestingu sýslunefndar og stjórnarráðs.

7. gr.

Allar fundarályktanir skal rita í sjerstaka bók og sómuleiðis stutta skýrslu um annað, er gerist á fjelagsfundum. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði, og undirskrifar þær fundarsjóri, fundarritari og stjórnendur fjelagsins sem voru á fundi. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem fram hefir farið á fundinum.

8. gr.

Allir fjelagsmenn hafa jafnan atkvæðisrjett á fjelagsfundum. Þeir fjelagsmenn sem eiga heima utan áveitusvæðisins, geta gefið öðrum umboð til að mæta á fjelagsfundum fyrir sína hönd og greiða þar atkvæði. Löglegir umráðamenn þeirra áveitujarða, sem eru eign Kirkjujarðasjóðs eða annara opiuberra sjóða, hafa atkvæðisrjett svo sem væru þeir jarðeigendur.

9. gr.

Aðalfundur áveitufjelagsins skal haldinn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Þar skulu þessi mál tekin fyrir:

- a. Stjórn fjelagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári.
- b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fjelagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.

Reikningarnir skulu svo úrskurðaðir á fundinum, nema úrskurði sje frestað vegna vantandi upplýsinga, en þó má ekki fresta úrskurði lengur en til næsta aðalfundar.

- c. Lögð fram áætlun frá fjelagsstjórninni um tekjur og gjöld fjelagsins yfirstandandi ár, rædd og samþykkt með breytingum, sem fundurinn kann að gera á henni.
- d. Kosid skriflega í stjórn fjelagsins.
- e. Kosid í varastjórn fjelagsins.
- f. Kosnir 2 endurskoðendur fjelagsreikninganna.
- g. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, er fjelagið varðar.

10. gr.

Aukafundi skal halda þegar fjelagsstjórninni þykir ástæða til, eða $\frac{1}{4}$ fjelagsmanna óskar þess og ekki síðar en 3 vikum eftir að áskorunin er komin í hendur stjórnarinnar. Á aukafundi verður að eins tekin ákvörðun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema fundurinn samþykki annað með $\frac{5}{6}$ greiddra atkvæða.

11. gr.

Stjórn fjelagsins skal skipuð 3 aðalstjórnarnefndarmönnum og 3 til vara, skulu að minsta kosti 2 aðalmenn og varamenn búsettir á fjelagssvæðinu. Kosning þeirra gildir um 3 ár í senn, en þó þannig að á næsta aðalfundi gangi 1 maður úr stjórninni eftir hlutkesti, og svo áfram þannig að kosinn sje 1 maður í stjórnina á hverjum aðalfundi og annar til vara. Stjórnarnefndarmaður, sem setið hefir í stjórn 3 ár samfleytt, er ekki að skyldur taka við endurkosningu fyr en eftir jafu langan tíma.

75

9. ágúst

Stjórnin kýs sjer formann, svo og varaformann úr hópi varastjórnenda, og skiftir með sjer verkum að öðru leyti. Engin stjórnarákvörðun er gild, nema samþykkt sje með atkvæðum tveggja stjórnenda eða varastjórnenda í forföllum þeirra.

13. gr.

Stjórnin ræður öllum fjelagsmálum milli funda með lakmörkunum þeim, er leiða af landslögum og samþykkt þessari. Stjórnin í heild sinni getur skuldbundið fjelagið og eignir þess með ályktunum sínum og samkvæmt ályktunum fjelagsfunda, þar á meðal veðsett eignir fjelagsins. Undirskrift allra aðalstjórnendanna í sameiningu er skuldbindandi fyrir fjelagið gagnvart öðrum.

14. gr.

Fjelagstjórnin annast útvegum á láni og lántöku þá, sem þarf til þess að koma framræslu og áveitufyrirtækjum í framkvæmd; hún útvegar tryggingar þær fyrir láninu sem með þarf og krefst eignarnáms áveitufjelaginu til handa á jörðum þeirra jarðeigenda, sem eigi vilja taka þátt í framræslu og áveitukostnaðinum eða kostnaði þeim, er af henni leiðir, eftir löglegan undirbúning, og framfylgir máli út af því, ef þarf. Fjelagsstjórnin skal og annast um fullnaðarundirbúning áveitunnar, s. s. mælingar o. fl. og framkvæmd áveitugerðarinnar samkvæmt ráðum eða tillögum verkfræðings, og undir stjórn verkfróðs manns, sem landsverkfræðingurinn eða vatnsvirkjafræðingur Búnaðarfjelds Íslands mælir með.

15. gr.

Þegar fullgerðir eru aðalskurðir, hinir helstu aukaskurðir og stíflur, skal stjórn fjelagsins jafna niður áveitukostnaðinum [stofnkostnaðinum] en til hans skal einnig telja vexti og afborgun af áveituláni því, sem ræðir um í 14. gr. meðan framkvæmd verksins stendur yfir. Kostnaði þessum skal jafna niður á allar þær jarðir, sem taldar eru í 2. grein þessarar samþykta. Við niðurfjöfnunina skal aðallega farið eftir stærð þess áveitulands, sem telja má víst að hverri jörð tilheyri samkvæmt undangengnum mælingum. Jarðeigendur greiða stofnkostninn, en eftirlits og viðhaldskostnað greiði ábúandi, nema öðru vísi hafi umsamist.

16. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal, þá er áveitan er orðin nothæf, með samþykki aðalfundar ráða umsjónarmann fyrir áveituna. Segir hann fyrir um notkun vatnsins og sjer um framkvæmdir á viðhaldi mannvirkja áveitunnar í samráði við stjórn fjelagsins.

17. gr.

Enginn má án vitundar eða samþykkis umsjónarmanns, setja stíflur í vatnsfarvegi þá, sem áveitufjelagið hefir kostað, nje taka stíflur úr þeim, nje breyta slíkum stíflum, og ekki heldur gera neina röskun á hliðargörðum, flóðgáttarlokum nje öðrum mannvirkjum meðfram vatnsfarveginum, sem getur haft áhrif á renslu vatnsins í farveginum eða áhrif á það hve mikið vatn rennur út úr farveginum. Bannað er að gera kakkastíflur eða kakkabrýr á skurðina nje hindra greiða vatnsrás um heyanir.

18. gr.

75

9. ágúst

Sjerhver búandi er skyldur til án sjerstaks endurgjalds að leggja hlutfallslega til eftir ákvörðun umsjónarmanns þá vinnu, sem útheimtis til að setja stíflur eða taka burtu stíflur svo sem þarf til þess að veita vatninu úr vatnsfárvegi áveitufjelagsins inn á land ábúanda eða til að minka eða stöðva það renslí.

19. gr.

Umsjónarmaður annast viðhald áveitunnar þannig, að hann lætur tafarlaust gera við allar smærri bilanir og við þær bilanir, sem að hans áliti ekki þola bið, en til meiri háttar aðgerða skal hann leita samþykkis áveitufjelagsstjórnarinnar.

20. gr.

Umsjónarmaður skal hafa eftirlit með áveituskurðum, sem gerðir hafa verið eða gerðir verða hjereftir á áveitusvæðinu án tilhlutunar fjelagsins. Sjerstaklega skal hann sjá um, að þeir sje ekki stíflaðir síðar en áveituskurðir fjelagsins og að stífluumbúnaður sje nægilega traustur og þjettur; hlutaðeigandi ábúanda skal skylt að hlíta úrskurði umsjónarmanns í þessu efni og leggja fram þá vinnu, sem með þarf, svo sem segir í 18. gr. þessarar samþykta.

21. gr.

Kaup umsjónarmanns og allur kostnaður, sem leiðir af umsjón og viðhaldi áveitunnar, greiðist úr sjóði áveitufjelagsins. Launakjör umsjónarmanns og ráðningstími, uppsagnarfrestur og annað, er hjer að lýtur, skal ákveðið í ráðningarsamningi, sem fjelagsstjórnin gerir við hann.

22. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal fyrir 20. október ár hvert gera áætlun um viðhald og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Við samning áætlunar þessarar skal fara eftir því hve mikill kostnaður hefir orðið það sem af er árinu, og áætla um þau útgjöld, sem vænta má að falli á það, sem eftir er ársins. Heimilt er og að taka á áætlun tekjuhalla, sem kann að hafa orðið á síðasta ársreikningi. Kostnaði öllum, eins og hann verður talinn í áætluninni, jafnar fjelagsstjórnin niður á jarðir þær, sem áveitan nær til eftir þeim mælikvarða sem greinir í 15. gr. þessarar samþykta. Fjelagsstjórnin skal gera skrá yfir gjöld þessi, svo og yfir afborganir þær og vexti af áveituláningu sem hverri einstakri jörð eða jarðarluta ber að greiða eftir ítölu hennar í stofnkostnaði áveitunnar. Eftir gjaldskrá þessari skal fjelagsstjórnin innheimta gjöldin í heild sinni hjá jarðeigendum eða ábúendum fyrir 10. nóvember.

23. gr.

Ársreikning áveitunnar skal fjelagsstjórnin hafa gert upp og sent með fylgiskjólum til endurskoðenda tveim vikum fyrir aðalfund. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

24. gr.

Nú vilja fjelagsmenn slíta fjelaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykta þessari.

75

25. gr.

9. ágúst

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—200 kr. og renna sektirnar í sjóð áveitu fjelagsins.

26. gr.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreyttni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.